

1. tölublað, 7. árgangur. Apríl 2011

FRÍMÚRARINN

Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi




Grímur Thomsen fyrsti íslenski frímúrarinn • 16

Regluhátíð • 8

Stofnfundur Vöku á
Egilsstöðum • 14

Einar Jónsson
myndhöggvari • 20





Þín verslun
Seljabraut

25 ára!

Fylgist með nýjustu
tilboðunum á

facebook



Nýtt og enn betra
Kjötborð

Höfum ávallt full kjöt- og
fiskborð af nýju og fersku
góðgæti fyrir þig og þína

Heitur matur í hádeginu
alla virka daga

Úrval af grillkjöti frá:



Þín verslun, Seljabraut í Breiðholti fagnar 25 ára afmæli um þessar mundir. Á þessum árum höfum við eignast marga góða vini sem helst vilja hvergi annars staðar versla. Við höfum nefnilega alltaf lagt mikið upp úr því að veita persónulega þjónustu í hlýlegu umhverfi.

Kíktu í heimsókn, við tökum vel á móti þér.

Þín verslun | Seljabraut 54 | sími 557 1780 | Opnunartími: Mán.-fös. 9-21 / lau.-sun. 10-21



- Úrval kjólfata
- Kjólskyrtur
- Lakkskór
- Hattar
- Fylgihlutir

Ég hef borið ábyrgð á klæðaburði þúsunda karlmannna í þrjá áratugi. Ég er þakklátur fyrir traustið sem viðskiptavinir hafa ávallt sýnt mér.

Sigurður Þorláksson, Bobó

Sigurður Þorláksson (Bobó)



Kjólföt

- Fjórðfesting í glæsileika


karlmenn

Laugavegi 7 Sími: 551 3033



Grand

RÁDSTEFNUR OG VEISLUHÖLD

Hjá **Grand Hótel Reykjavík** leggjum við okkur fram um að bjóða bestu og tæknilega fullkornustu ráðstefnuaðstöðu á landinu.

Á hótelinu er frábær aðstaða fyrir 6–450 manna ráðstefnur, 14 funda- og veislusalir og aðstaða fyrir stórsýningar og stórar og smáar veislur. Fjarfundir og beinar útsendingar.

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík
Sími 5148000 / Fax 5148030 / www.grand.is / radstefnur@grand.is



Íslenskt handverk.

Tvar Þ. Björnsson.

Básbryggja 51
110 Rvk.
Gsm. 899-9760



8° þykkir.



JB hringar
sem eru númeraðir.



Brjósthappar
Sérsmíðaðir.



Ermahnappar.



Brjósthappar.



Ermahnappar.



Hjá Úlfari

**Er fiskur
of góður fyrir þig?**

Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi
Skúlagötu 53-55,
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

YAR

Pétur K. Esrason (R&K)

Ritstjóri

Steingrímur S. Ólafsson (IX)
denni@islandia.is

Ritstjórn

Guðbrandur Magnússon (IX)
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Ólafur G. Sigurðsson (VI)
olafurs@grantthornton.is

Pétur S. Jónsson (VI)
pedro@medialux.com

Páll Júlíusson (IX)
pj@pj.is

Pór Jónsson (III)
thor@pressan.is

Auglýsingar

Páll Júlíusson (IX)
pj@pj.is

Prófarkalestur

Bragi V. Bergmann (VII)
bragi@fremri.is

Netfang

Greinar sendist til
frimur@centrum.is
merktar: Frímúrarinn

Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfunda og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar. Höfundar efnis framselja birtingarrétt efnisins til útgefanda. Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

Forsíðumynd

Ljósmyndari: Guðmundur Skúli Viðarsson.

„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal.“

Frímúrarareglan á Íslandi 60 ára

Á fögrum sumardeg, 23. júlí 1951, var Frímúrarareglan á Íslandi stofnuð í nýlegum húsakynnum hennar að Borgartúni 4. Stórmeistari dönsku Reglunnar stjórnaði fundinum og hafði þannig beina og persónulega umsjón með því þegar íslenskir frímúrarabræður í dönsku Reglunni mynduðu sjálfstæða og óháða Frímúrarareglu á Íslandi. Lauk þar með danska kaflanum í sögu frímúrarastarfs hér á landi. Á stofnfundinum voru sendinefndir frá Noregi og Svíþjóð, auk Danmerkur, og þar með hlaut íslenska Reglan alþjóðlega viðurkenningu og var tekin í fjölskyldu sænska frímúrarakerfisins. Tveimur dögum eftir stofnfundinn var fyrsti Stórmeistari



Valur Valsson.

íslensku Reglunnar, Sveinn Björnsson, forseti, settur í embættið á sérstökum fundi í Regluheimilinu.

Með stofnun Frímúrarareglunnar á Íslandi var stigið mikið heillaspor. Gróska hljóp í starfð: Árið 1951 var ein Stúartstúka í landinu, tvær Andrésarstúkur, tvær Jóhannesarstúkur og ein fræðslustúka. Félagar voru þá tæplega 540. Tólf árum síðar hafði Jóhannesarstúkum fjölgað um fjórar.

Nú eru starfandi Landsstúka og Stúartstúka, fjórar Andrésarstúkur og sextán Jóhannesarstúkur. Og fræðslustúkurnar eru fimm talsins. Á félagatali eru tæplega 3.500 bræður. Frá stofnun Reglunnar hefur fjöldi starfsstúkna því fimmfaldast og félagatalan 6,5-faldast en á sama tíma hefur íbúatala landsins rúmlega tvöfaldast.

Og enn er gróskan í starfinu mikil. Aðsókn að Reglunni er mjög góð og fundarsókn betri en nokkru sinni fyrr.

Nú er unnið að framkvæmd stefnumótunarinnar fyrir Jóhannesarstúkurnar eins og kynnt hefur

verið. Í desember sl. lagði Stúkuráð fram fyrstu tillögur sínar um nýja Jóhannesarstúku og styttingu fundanna. Á þessu misseri er verið að reyna ýmsar breytingar á framkvæmd fundanna á Jóhannesarstiginu án þess að siðabálkum sé í nokkru breytt og gert er ráð fyrir að þær breytingar komi til framkvæmda hjá öllum stúkunum næsta haust. Með þessu er stefnt að því að fundirnir styttest um 20-30 mínútur. Stúkuráð lagði jafnframt til að fresta hugmyndum um breyttan fundartíma. Hefur það verið samþykkt.

Þá lagði Stúkuráð til að stofnuð verði ný Jóhannesarstúka í Reykjavík á árinu 2012. Stofnendur komi fyrst og fremst úr Eddu og Gimli. Fundardagar hinnar nýju stúku verði miðvikudagar. Þessar tillögur hafa Æðsta ráð og Stórmeistari Reglunnar samþykkt og jafnframt hefur Stórmeistari falið Sigmundi Erni Arngrímssyni að leiða stofnun hinnar nýju stúku og verða fyrsti Stólmeistari hennar.

Það er því enn mikil gróska í starfinu og margt á döfinni. Um það get ég líka vitnað persónulega eftir að hafa sótt tæplega 60 fundi í 20 stúkum frá því ég tók við embætti haustið 2007. Áhuginn og metnaðurinn leynir sér ekki og það sem er mest um vert að þarna hef ég hitt mikinn fjölda bræðra sem tekur Reglustarfið alvarlega, rækir frímúraraskyldur sínar af samviskusemi og leitar ljóss og sannleika til að verða betri menn. Þá sér maður best að stofnun Frímúrarareglunnar á Íslandi fyrir 60 árum hefur skilað miklum árangri.

Valur Valsson,
Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfararstjóri



Frimann Andrésson
útfararþjónusta



Svafar Magnússon
útfararþjónusta



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

*Þegar andlát
ber að höndum*

*Önnumst alla þætti
útfararinnar*



ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Átt þú verðmæti eða gögn sem þurfa að vera

ÖRUGG?



Eitt mesta úrval landsins af öryggiskápum
fyrir fyrirtæki og einstaklinga

Hafðu samband við sölumenn okkar
og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig

S T O F N A Ð 1 9 5 3

OPTIMA

Vinlandsleið 6-8, S. 588 9000

Optima er aðili að rammaáminni Ríkiskaupa

www.optima.is



Frá minningartónleikum um Sigfús Halldórsson tónskáld. Erna Indriðadóttir og Andrés Svanbjörnsson, Þórunn Sigurðardóttir og Finnur Jónsson, Sigríður Halldóra Svanbjörnsdóttir og Ásgeir Thoroddsen, Kristín Árnadóttir og Einar Sindrason. Ljósmynd: Jón Svavarsson.



Regluhátíð 2011. Anton Bjarnason Glitni, Friðrik Hjartar Vm Njarðar og Guðmundur Andrésón stjbr, frlst Borg. Ljósmynd: Jón Svavarsson.



Frá Stofnfundi hádegisstúkunnar Iðunnar. Jóhannes Harry Einarsson Stm Iðunn og Pétur Andreas Maack. Ljósmynd: Jón Svavarsson.

Frímúrarastarf á Íslandi blómstrar

Í kjölfar efnahagshrunsins höfðu margir áhyggjur af því að breyttar aðstæður í þjóðfélaginu myndu hafa neikvæð áhrif á starf Frímúrareglunnar á Íslandi.

Sem betur fer er hægt að fullyrða að svo fór ekki. Þvert á móti mátti strax finna fyrir aukinni aðsókn í reglustarfið í kjölfar hrunsins. Bræður sem ekki höfðu sést í langan tíma hófu að sækja aftur fundi, og umsóknum í Regluna fjölgaði umtalsvert.

Mest hefur aukningin verið í starfi Landsstúkunnar, eða á milli 17 og 19%, en einnig er greinilegur vöxtur í starfi Jóhannesar og Andrésarstúknanna, þótt minni sé. Þessi þróun hefur verið stöðug frá árslokum 2008 og fram til dagsins í dag. Í stuttu máli má segja að Frímúrarastarf á Íslandi blómstri.

Tölulegar staðreyndir um Frímúrararegluna á Íslandi tala sínu máli. Bræður þann 20. júní síðastliðinn voru 3.409 talsins. Það þýðir að ríflega 3% karlmanna yfir 24 ára aldri á Íslandi stunda frímúrarastarf, sem hlýtur að teljast frábær árangur, sama við hvað er miðað.

Ef eitthvað má nefna sem áhyggjuefni, væri það helst tilfinnanleg fækkun bræðra sem sitja bróðurmáltíðir að loknum fundum. Nokkuð víst má telja að skýringin á þessari þróun sé afleiðing efnahagsástandsins, og vonandi er hún tímabundin,

enda bróðurmáltíðin óneitanlega mikilvægur hluti fundarstarfsins.

Það er kannski ekki skrytið að frímúrarastarfið eflist á tímum sem þessum. Þegar sá heimur sem við þekkjum sem daglegan raunveruleika hrynur í kringum okkur, sækjum við skjól í það sem við þekkjum og treystum til að vera gott og sterkt.

Í umhverfi þar sem margir hafa misst allt sitt, og aðrir þurfa að láta sér nægja minna, höfum við verið harkalega minntir á það sem skiptir máli í raun og veru, og komist að raun um að þeir hlutir verða ekki keyptir fyrir peninga.

Sjaldan hefur verið meiri þörf á aðstoð við þá sem eiga um sárt að binda. Sjaldan hefur verið betra að komast í athvarf frá umheiminum og einbeita sér að því að rækta okkar eigin siðferðisstyrk, okkur sjálfum og samfélaginu til heilla. Og styrkurinn sem við göngum með út af fundum okkar er okkur verðmætari en nokkru sinni áður.

Kannski er þetta líka enn ein jákvæða staðfestingin á því að það sem Frímúrarreglan stendur fyrir séu gildi sem standast ennþá tímans tónn, sérstaklega í hröðu nútíma-samfélagi sem stundum hreyfist óþægilega hratt. Það samfélag hefur meiri, ekki minni, þörf á auknum siðferðisstyrk og sterku bróðerni.

Pétur S. Jónsson

„Þegar sá heimur sem við þekkjum sem daglegan raunveruleika hrynur í kringum okkur, sækjum við skjól í það sem við þekkjum og treystum til að vera gott og sterkt.“



Valur Valsson SMR talar við bróðurmáltíðina. Ljósmynd: Jón Svavarsson.

Regluhátíð 2011

Laugardaginn 15. janúar 2011 var haldin árleg Regluhátíð Frímúrarareglunnar á Íslandi í Regluheimilinu við Skúlagötu. Allt frá þeim tíma sem frímúrarastarf hófst hér á landi með stofnun St. Jóh.st. Eddu þann 6. janúar árið 1919 hefur Regluhátíð verið haldin ár hvert. Regluhátíðin í ár var mjög vel sótt að vanda og voru margir langt að komnir. Að þessu sinni sátu alls 414 bræður fundinn og 392 bræður tóku síðan þátt í veislustúkunni. Þrátt fyrir mikinn fjölda bræðra fór vel um alla, bæði í Hátíðarsal svo og þá sem fylgdust með í Jóhannesarsal.

Dagskrá fundarins var með hefðbundnu sniði. Hún hófst með flutningi Frímúrarakórsins undir stjórn Jóns Kristins Cortes og einsöngs Einars Clausen á laginu „Gengið til starfa“ eftir W.A. Mozart. Um undirleikinn sáu þeir Gunnar Gunnarsson á orgel og Örnólfur Kristjánsson á selló.

Þá bauð SMR bræðurna velkomna til Regluhátíðar. Uppl. br. Kristján

Björnsson flutti ræðu á fundinum um gildi og gleði þess að hittast.

Fleiri tónlistaratriði voru flutt af Frímúrarakórnum, Einari Clausen og Örnólfi Kristjánssyni. Fluttu þeir

meðal annars: „Leyf mér að gráta“ sem er arian *Lascia chio Pianga* úr Rinaldo eftir Georg Friedrich Händel við texta Jóns Sigurðssonar; „Fögur er foldin“. höfundur ljóðs Matthías



Gunnar Jónsson og Karl Harry Sigurðsson. Ljósmynd: Jón Svavarsson.



Allan Vagn Magnússon HSM R&K, Jón Birgir Jónsson R&K og Kristján S. Sigmundsson FHR R&K.
Ljósmynd Jón Svavarsson

Jochumsson og „Hér í voru helgu sölum“, höfundur ljóðs Guðmundur Loptsson. Var það einstök upplifun að hlýða á flutning þeirra á fundinum.

Frímúrarareglan á Íslandi 60 ára

Í ávarpi SMR, fór Valur Vals-son yfir sögu Frímúrarareglunnar á Íslandi. Kom meðal annars fram að Bræðrafélagið Edda var stofnað 15. janúar árið 1913 sem varð síðan að St. Jóh.st. Eddu þann 6. janúar árið 1919. Starfið var í byrjun undir stjórn dönsku Reglunnar, allt þar til 23. júlí árið 1951 þegar stofnuð var sjálfstæð Regla. Í ár verða því liðin 60 ár frá stofnun Frímúrarareglunnar á Íslandi.

SMR sagði jafnframt að „Íslenskir bræður minnst þess ávallt með þakklæti hversu bróðurlega og reyn- dar höfðinglega danskir bræður aðs- toðuðu Íslendinga við að stofna sjálf- stæða Reglu.“

SMR skýrði frá því að á síðasta ári hafi verið stofnaðar þrjár nýjar Jóhan- nesarstúkur: Rannsóknarstúkan Snorri, Hádegisstúkan Iðunn og St. Jóh.st. Vaka á Egilsstöðum. Aðsókn í Frímúrararegluna hafi verið stöðug og um eitt hundrað nýir bræður bætist í hópinn á hverju ári. Síðastliðin 20 ár hafi bræðrum á félagatali Reglunnar fjölgað um 1,5% á ári að meðaltali. Einnig hafi fundarsókn aukist um- talsvert. Síðustu tvö starfsárin hafi aðsókn að fundum aukist um 15%.

SMR sagði að þetta væri ánægjuleg þróun sem staðfesti að Frímúrarareg- lan sé að gera gagn.

SMR lagði fram þá spurningu hvað það væri sem gerði Frímúrararegluna svona lífseiga? Hann sagði að tvennt kæmi til: „Annars vegar er lífsstef- nan, sem Reglan hvetur bræður að tileinka sér. Hún er ódauðleg. Hins vegar er það maðurinn sjálfur. Hann breytist ekkert. Þess vegna er alltaf þörf fyrir Frímúrararegluna. Og þes- sari þörf mætir Reglan nú, kannski af meiri krafti en nokkru sinni fyrr.“

Jafnframt skýrði SMR frá því að Hans Martin Jepsen Stórmeistari dönsku Frímúrarareglunnar hefði fært íslensku Reglunni að gjöf skjöl er varða sögu dönsku Reglunnar allt til þess tíma er íslenska Reglan var stof- nuð. Skjölin eru um 150.000 talsins og hafa þau verið mynduð á DVD diska og voru þau afhent á því formi. R&K, YAR og Oddviti Fræðaráðs, Pétur K. Esrason, tóku við gjöfinni fyrir hönd Skjalasafns Reglunnar.

Sex fyrrum Stólmeistarar heiðraðir

Sex Stólmeistarar létu af störfum á árinu, þeir Halldór Ágúst Guðbjar- nason í St. Jóh.st. Eddu, Már Svein- björnsson í St. Jóh.st. Hamri, Eiríkur Finnur Greipsson í St. Jóh.st. Njálu, Örn Grétarsson í St. Jóh.st. Röðli, Ólafur Ásgeirsson í St. Jóh.st. Rún og Páll Dagbjartsson í St. Jóh.st. Mælife- lli. Í tilefni þessa afhenti SMR þeim á

fundinum heiðursmerki fyrrverandi Stólmeistara.

Eftir hátíðarfundinn var veislustú- ka sett undir stjórn SMR. Bræður sungu Minni Reglunnar, Minni Íslands og Minni Systranna. IVR, hæstuppl. br. Þorsteinn Sv. Stefánsson, ávarpaði erlenda gesti, sem voru að þessu sinni eftirfarandi bræður: Hans Martin Jep- sen, SMR, Jens Lassen, IVR og Albin Pedersen, ÁMR frá Danmörku. Ivar Anstein Skar, SMR, Magne Frode Nygaard, fv. SMR, Knut Bjørnsen Teige, IVR og Arne Eidsmo, Stj.M. Tromso frá Noregi. Lars Lindquist, YAR og Anders Grafström, St.R frá Svíþjóð. Joachim Klauss, SMR GLvd frá Þýskalandi. Frá Finnlandi kom Sakari Lehumskallio, Grand Prior Finnland. Frá Eistlandi komu Arne Kaasik, SMR og Anti Oidsalu, SMR Supreme Council Eistland. Frá Eng- landi komu A.W. Hanbury-Bateman, Grand Marshall Supreme Council England and Wales. R E Furber, St.R. Supreme Council England and Wales. Ivar Anstein Skar þakkaði fyrir hönd erlendra gesta.

Að lokum var þjóðsöngurinn sunginn og óhætt er að segja að ö- lum þeim bræðrum sem sáu sér fært um að mæta á Regluhátíðina hafi hún verið ógleymanleg.


Hlynur Þór Hjaltason

Höfðingleg gjöf danskra frímúrara: Skjalasafn um sögu frímúrarareglunnar


Eins og fram kemur á öðrum stað í blaðinu fékk Frímúrarareglan á Íslandi um 150 þúsund skjöl að gjöf frá DDFO og voru þau afhent SMR á Regluhátíð 15. janúar sl. Hér er um yfirgripsmikið safn skjala að ræða er varða stofnun Frímúrarastúkna og starf frímúrara í Evrópu frá því um miðja 18. öld og til þess tíma er Frímúrarareglan á Íslandi var stofnuð. Byrjað var á því a taka öryggisafrit af skjölunum og var því lokið 25. janúar.

við skjalaverði og óskað eftir að fá að skoða skjölin. Það er erfiðleikum bundið því engin lesstofa er til í skjalasafni og plássið þar lítið. Til þess að auðvelda bræðrum aðgang að skjölunum var samþykkt í Fræðaráði að afhenda Rannsóknarstúkunni Snorra afrit af skjölunum á hörðum diskum til notkunar fyrir bræðurna og var það gert með formlegum hætti á fundi í St. Jóh. Rannsóknarstúkunni Snorra þann 29. janúar sl.

Margir bræður hafa haft samband



Sýnishorn af einföldu stafrófi, gotnesku skriftlettri.



Stór stafur (m.a. upphafsstafur allra nafnorða).

Registrand
til
Landslogens
Historiske
Archiv.



Frá afhendingu skjalanna. Pétur K. Esrason YAR R&K, Hans Martin Jepsen SMR dönsku reglunar, Valur Valsson SMR og Paul Bjarne Hansen skjalavörður Reglunar. Ljósmynd: Jón Svavarsson.

a	aaaa	o	oooo
b	bbbbb	p	ppppp
c	cccccc	q	qqq
d	dddd	r	rrrr
e	eeeeee	s	ssssss
f	ffff	st	ststst
ff	ffff	t	tttt
fft	fftfft	u	uuuu
g	gggg	v	vvvv
h	hhhh	w	wwww
i	iiii	x	xxxx
j	jjj	y	yyyy
k	kkkk	z	zzzz
l	llll	æ	ææææ
m	mmmm	ø	øøøø
n	nnnn		

Lítill stafur:

Flest skjölin handrituð

Flest skjöl eru handrituð; þau elstu með gæsafjöður en nýrri með stálpenna sem hefur mikla þýðingu fyrir lesandann þar sem gæsafjöður gefur mun breiðara letur og að sama skapi torlesnara. Merihluti skjala er á frönsku, þýsku og dönsku en fleiri munu þó vera á þýsku.

Flest þýsku skjölin eru t.d. rituð með gotnesku lettri, sem getur verið mjög erfitt aflestrar. Gotneskt letur var notað í Danmörku fram undir aldamótin 1800/1900 en gotneskt prentletur, sem er mun auðveldara, var kennt í dönskum skólum fram undir 1950.

En það er ekkert einfalt í lífinu – og síst af öllu gamalt, gotneskt letur! Þess vegna hafði hver og einn skrifari sína útfærslu á stafrófinu og hér að neðan eru nokkur dæmi þess:

Ef bræður hafa áhuga á að kynnst gotnesku lettri betur, mæli ég með stuttri kynningu sem er að finna á heimasíðu danska ríksskjalasafnsins.

Paul B. Hansen



Frá tónleikunum í Hafnarfirði. Ljósmynd: Guðjón Grétarsson.

Minningartónleikar um Marteín Hunger Friðriksson

Sunnudaginn 6. mars 2011 heiðruðu bræður í St. Jóhannesarstúkunni Hamri í Hafnarfirði minningu söngstjóra stúkunnar, Marteins Hunger Friðrikssonar, með því að halda minningartónleika honum til heiðurs. Nýr söngstjóri stúkunnar, Guðjón Halldór Óskarsson, ásamt Ívari Helgasyni og sameinuðum kór Hamars og Njarðarbræðra, sáu um öll tónlistaratriðin og fluttu lög og útsetningar eftir Marteín, sem og lög sem tengdust Marteíni og störfum hans við Regluna.

Fæddur í Þýskalandi

Hér á eftir fer útdráttur úr minningarræðu sem Egill Friðleifsson, fyrrum söngstjóri Hamars, flutti sem inngangsorð tónleikanna:

Marteinn Hunger Friðriksson fæddist í Meissen í Þýskalandi 24. apríl árið 1939. Foreldrar hans voru þau Frieda Dorothea Hunger, fóstura og Alfred Fritz Hunger, félagsráðgjafi. Marteinn var aðeins fárra mánaða gamall er síðari heimsstyrjöldin braust út og við tóku erfiðir tímar, bæði meðan á styrjöldinni stóð og eins eftir stríðsárin, þegar ringulreið, atvinnuleysi, þröngur fjárhag-

ur og skortur á helstu nauðsynjum mörkuðu mjög kjör fólks. Faðir hans, Alfred Fritz, féll á austurvígstöðvunum í Rússlandi í febrúarmánuði árið 1944, þegar Marteinn var tæpra fimmára gamall.

Marteinn tók stúdentspróf frá menntaskólanum í Meissen 1957, B-próf í kirkjutónlist frá Kirkjumúsíkaskólanum í Dresden 1961, A-próf í kirkjutónlist frá Tónlistaraskólanum í Leipzig með lokapróf í hljómsveitarstjórn og tónsmíðum og kennarapróf í píanóleik og tónfræðigreinum árið 1964. Sama ár réðst hann sem skólustjóri Tónlistarskólans í Vestmannaeyjum og organleikari við Landakirkju.

Mesti happafengur

Það hefur áreiðanlega ekki verið auðvelt ungum manni að yfirgefa ættjörð sína og setjast að í Vestmannaeyjum árið 1964, fjarri vinum og vandamönnum, mállaus og öllum ókunnur. En Marteinn var fljótur að átta sig á nýju umhverfi, náði góðum tökum á málinu og varð vel til vina enda átti hann auðvelt að blanda geði við aðra, jafn broshýr og vingjarnlegur og hann var.

Eftir að hann flutti til Reykjavíkur árið 1970 og gerðist hann kennari við Tónlistarskólann í Reykjavík og organisti við Háteigskirkju og síðar við Dómkirkjuna í Reykjavík. Auk starfa sinna sem kennari og organisti stjórnaði hann ýmsum öðrum kórum og sönghópum enda kunnir hann best við sig önnur kafinn að fást við spennandi verkefni. Marteinn var flinkur "músikant", snjall organisti, góður kórstjóri og laginn kennari. Hann var greiðvikinn og hjálpsamur, duglegur og ósérhlífinn og hafði sérstakt lag á að fá fólk til að vinna með sér, enda hvers manns hugljúfi. Hingaðkoma hans reyndist íslensku tónlistarlífi hinn mesti happafengur.

Áhugasamur frímúrari

Árið 1992 gerðist Marteinn Hamarsbróðir. Hann var alla tíð áhugasamur frímúrari og var söngstjóri Hamars til dauðadags. Sumarið 2009 veiktist Marteinn hastarlega. Í ljós kom að meinið var illkynja og reyndist síðar óviðráðanlegt. En það var fjarri honum að leggja árar í bát heldur hélt ótrauður áfram og lauk öllum sínum verkum með sóma, stundum sárþjáður. Tónlistardagar Dómkirkjunnar voru aldrei viðameiri en haustið 2009 þar sem hápunkturinn var flutningur á messu í D-dúr eftir Antonin Dvorskák. Seinast lék Marteinn við messu á aðfangadagskvöld í Dómkirkjunni 2009. Fáum dögum síðar var hann kominn á sjúkrahús og átti þaðan ekki afturkvæmt. Hann lést 10. janúar 2010. Hans er minnst með þakklæti og virðingu.

Haustið 2005 stofnuðu Hamarsbræður orgelsjóð. Markmiðið var að fá gott og vandað pípuorgel, sem væri sérsniðið í stúkusal Hamarsbræðra. Hugmyndinni var strax vel tekið af bræðrahópnum. Marteinn kom mjög við sögu um gerð orgelsins. Hann valdi raddirnar og ákvað í samráði og samvinnu við orgelsmiðinn útlit þess. Smíðin tók rúmt ár. Orgelið var vígt í október 2008.

Blessuð sé minning Marteins Hunger Friðrikssonar.

Jóhann Ólafur Ársællsson



Embættismenn Iðunnar. Fremri röð: Albert Sveinsson Y. Stv. Baldur Friðriksson Vm, Jóhannes Harry Einarsson Stm, Egill Þórðarson E.Stv. Aftari röð; Baldur Sveinn Scheving Sm, Skúli Jón Sigurðarson R, Lárus Johnsen Atlason Fh, og Helgi Bragason S. Ljósmynd: Jón Svavarsson.

Hádegisstúkan Iðunn: Nýjung í reglustarfi

Við frímúrarabræður njótum þess að sækja fund, hvort sem er á 1. stigi eða 10. stigi eða hvaða stigi sem er þar á milli. Við erum vanir hefðbundnum fundartíma og klæðnaði frímúrara. Við höfum heyrt að í sumum löndum sæki menn fundi minna formlega klæddir og allt til þess að mæta í köflóttum buxum og litríkum skyrtum. Þetta finnst okkur íslenskum bræðrum framandi og lítt viðeigandi. Við viljum halda okkar formfestu, venjum og siðum.

Á hinn bóginn er það svo að við vitum að sumir bræður okkar, einkum eldri bræður, þreytast af að sitja á fundum langt fram eftir kvöldi og sækja svo bróðurmáltíð sem lýkur stundum ekki fyrr en nær birta tekur af nýjum degi. Við þekkjum líka margir hverjir að það getur gerst að fötin hlaupi í klæðaskápnum, einkum þó ef þau standa ónotuð um hríð.

Það var því fagnaðarefni þegar hinn vitrasti meistari vor ákvað að stofna hádegisstúku, sem hlaut nafnið Iðunn og var vígð 18. apríl 2010. Iðunni er ætlað að bæta úr þörf fyrir stúku þar sem áhersla er lögð á fræðslu, kynningu og dægrastyttingu, fundir standi ekki lengi, fundartími sé að degi til og bræðramáltíð sé einföld og ódýr.

Í reglum Iðunnar er gert ráð fyrir því að bræðurnir klæðist að hefðbundnum hætti frímúrara, en hafi bróðir

ekki tók á að klæðast kjólfötum þá klæðist hann svörtum eða dökkum jakkafötum og hvíttri skyrtu, beri svart eða dökkt hálstau og hafi svarta skó á fótum.

Opin öllum bræðrum

Umdæmi hádegisstúkunnar Iðunnar er Ísland og er gert ráð fyrir því að fundir stúkunnar geti verið haldnir hvar á landinu sem er þar sem frímúrarastúkur starfa. Það hefur reyndar þegar verið áformað að á næsta starfsári haldi stúkan sinn fyrsta fund utan Reykjavíkur. Stúkan Iðunn er opin til inngöngu fyrir alla bræður hvar sem er á landinu sem náð hafa þriðja stigi. Bræður sem gerast félagar í Iðunni halda öllum réttindum og skyldum í Jóhannesarstúku sinni. Fundir Iðunnar eru á hinn bóginn opnir öllum bræðrum, hvert sem stig þeirra eða stúka er. Fundir eru 3-4 á vetri, haldnir á laugardögum og hefjast kl. 12.

Fundirnir eru á 1. stigi, fundarsetning og -slit eru samkvæmt hefðbundnum siðum en þar fyrir utan er lögð áhersla á fræðslu og tónlist. Að fundi loknum er bræðramáltíð, súpa og brauð, sem seld er við vægu verði. Fundir Iðunnar hafa verið vel sóttir og er ekki annars að vænta en að fundarsókn aukist eftir því sem fleiri bræður uppgötva þennan nýja valkost.

Ég hef notið þess að vera félagi í Iðunni og sækja fundi stúkunnar. Það hefur ekki aðeins verið ánægjulegt og gefandi að sækja þá fundi heldur ekki síður að njóta samvista við bræður sem hafa af ýmsum ástæðum ekki átt þess kost að sækja frímúrarafund um hríð. Það hefur verið sérstök upplifun að sjá hversu mjög margir bræður okkar hafa fagnað því að finna á ný sinn sess innan reglunnar. Ekki hefur heldur spillt fyrir að njóta þess hversu öruggt allt starf Iðunnar hefur verið undir traustri stjórn stólmeistara hennar, Jóhannesar Harry Einarssonar og embættismanna stúkunnar.

Kæru bræður, ég lýk þessum orðum með því að hvetja ykkur alla til þess að sækja fundi hádegisstúkunnar Iðunnar. Við ykkur, sem eldri eruð og hafið ekki átt þess kost að sækja fundi um hríð, vil ég segja: Nú er tækifæri til að endurnýja kynnin við regluna og bræðurna, sem miður væri að láta ónotað. Við ykkur hina, bræður mínir, sem enn sækið fundi af fullum krafti, vil ég segja: Komið á fundi í Iðunni og endurnýjið kynni við bræður sem þið hafið saknað af fundum. Það mun veita ykkur ánægju sem þið viljið ekki missa af.

Halldór S. Magnússon

Stofnfundur Vöku á Egilsstöðum



Gestkomandi bræður halda heim á leið með flugvél frá Egilsstöðum, en miklum snjó kyngdi niður þessa helgi og var erfið færð til Akureyrar fyrir þá bræður sem þaðan komu akandi. Ljósmynd: Jón Svavarsson.

Proskast af visku og vexti

Í fallegu vetrarveðri laugardaginn 13. nóvember var fræðslustúkan Vaka gerð að fullgildri St. Jóh.stúku. Veðrið hafði verið tvísýnt dagana fyrir og spáin ekki góð en þennan dag birti til í frostinu. Um það bil 160 bræður voru á fundinum, þar af um það bil 70 frá Reykjavík.

Fundurinn hófst klukkan 13:00. Valur Valsson setti fundinn í landsstúkunni og stjórnaði fundi með embættismönnum landsstúkunnar þar til embættismenn Vöku tóku við þegar St. Jóh.stúkan Vaka hafði verið formlega stofnuð. Embættismenn Vöku tóku við embættum sínum með þeim virðingartáknum sem þeim bar. Gissur Árnason hagleikssmiður smíðaði embættistáknin.



Bróðurmáltíðin. Sigurberg Guðjónsson, Lúðvík Eiðsson, Ágúst Ármann Þorláksson, Vilbergur Hjaltason fyrir endanum Aðalsteinn V. Júlíusson R&K, Guðmundur Már Stefánsson, Tómas Kaaber, Helgi Victorsson, Ingvar Hallgrímsson, Jónas Gestsson, Sigurður Ringsted varameistari Stúart stúkunar á Akureyri, Karl Harry Sigurðsson og Kristján Björnsson. Ljósmynd: Jón Svavarsson.



Embættismenn Vöku. Fremri röð f.v.: Sigurður Aðalsteinsson E.stv, Jónas Þór Jóhannsson Stm. Gísli M. Auðbergsson V.m, Alfreð Steinar Rafnsson Y.stv, Aftari röð frá vinstri, Águst Ármann Þorláksson Söngstjóri, Vilbergur Hjaltason Leiðtogi, Gísli Benediktsson Féhirðir, Árni Þórhallur Helgason Ritari, Ingólfur H. Arnarson Siðameistari og Óskar Vignir Ræðumeistari. Ljósmynd: Jón Svavarsson.

Fundurinn tók um tvo og hálfan tíma enda höfðu bræðurnir í Vöku stundað stífar æfingar þannig að allt gekk einstaklega vel. Við tók svo yndislegt borðhald þar sem stuttar ræður voru haldnar og síðan hvarf hver til síns heima eftir þessa hátíðlegu athöfn.

Þroskast af visku og vexti

Segja má að stúkan hafi verið í þróun frá því hún var Bræðrafélag árið 1985 í kjallaranum við Hamrahlíð hjá Steinþóri. Seinna var byggt við Lyngás. Vaka varð fræðslustúka 1990 og flutti í og innréttaði húsnæði við Miðás. Þar var starfað í um það bil fimm ár og þá farið út í að byggja og innrétta hús við Tjarnarás 6 sem er skáhallt á móti kjallaranum hjá Steinþóri þar sem upphafið var. Þannig hefur Vaka farið vissan hring í landslaginu og er orðin fullgild stúka rétt við þann stað þar sem hún var eitt sinn Bræðrafélag manna sem sá fyrir sér framtíð. Á þessum tíma hefur hún þroskast að visku og vexti og sér fram

á áframhaldandi framtíð með ungum og eldri bræðrum. St. Jóh.stúkan Vaka þakkar landsstúkunni með bróðurlegum kveðjum.

Fyrsti Stólmeistari Vöku er Jónas Þór Jóhannsson.

Sigurður Ingólfsson



Jónas Þór Jóhannsson með nýjan bróðurbikar Vöku, gjöf frá Eddubræðrum. Ljósmynd Jón Svavarsson



Úr erindi br. Jóns Sigurðssonar um dr. Grím Thomsen þjóðskáld og áhrif Frímúrarareglunnar á kveðskap hans

Frímúrarinn í skáldskapnum

Dr. Grímur Thomsen, alþingismaður og eitt af öndvegisskáldum þjóðarinnar (1820–1896), er að jafnaði talinn fyrsti íslenski frímúrarinn og má það til sanns vegar færa. Hann átti langa og merka starfsævi á Íslandi fyrir höndum þegar hann tók vígslu sína í Danmörku árið 1858, þá fulltrúi í verslunardeild danska utanríkisráðuneytisins. Í annan stað er það ljóst að hann er fyrsti Íslendingurinn sem vígslu hlýtur í sænska reglukerfinu sem Frímúrarareglan á Íslandi fylgir.

Ljóst er af stigum þeim sem Grím-

ur Thomsen tók að hann hefur tekið einhvern þátt í störfum reglunnar í Danmörku, en án frekari rannsóknar á störfum hans á þeim vettvangi verður að telja að sambandi hans við regluna hafi lokið þegar hann fluttist heim til Íslands árið 1867. Athyglisvert er þó að hann tók stigmerki sín með sér heim og átti þau til æviloka. Nú eru þau í eigu Frímúrarareglunnar á Íslandi og varðveitt á minjasafni hennar.

Í erindi sem br. Jón Sigurðsson flutti í St. Jóhannesarstúkunni Glitni

og varðveitt er á bókasafni reglunnar var ævi og störfum Gríms gerð nokkur skil og er grein þessi útdráttur úr því. Erindið nefnist „Grímur Thomsen, skáldið og frímúrarinn“. Er ætlunin að dvelja við meginefni þess, frímúrarann í skáldskapnum, en mæla má með því við áhugasama að þeir kynni sér erindið í heild sinni á safninu.

Boðskapur, ekki dægrastytting

Í efnisvali, boðskapur, orðfæri og ljóðstíl Gríms verður ljóst að honum er um það hugað að ná til einhvers

Þess sem hann telur kjarna málsins. Hann er ekki að yrkja sér til gamans eða dægradvalar einnar eða fegurðar-fágunar heldur hefur hann boðskap að flytja og þess vegna velur þessi hámenntaði heimsmaður sér skáldskapinn að meginviðfangsefni á efri árum sínum. Reyndar bendir ekkert til þess sérstaklega að Grímur hafi verið hagnæmtur ef út í það er farið, en þeim mun fremur hefur þá eitthvað annað komið honum til að fást við kveðskap.

Ljóðmæli sín gaf Grímur ekki út á bók fyrr en 1880, þá orðinn sextugur. Aftur komu Ljóðmæli út 1895 skömmu fyrir dauða hans og loks þriðja sinni, ný kvæði og gömul, eftir dauða hans 1906. Með þeirri útgáfu komu og út Rímur af Búa Andriðssyni og Fríði Dofradóttur.

„Tveir eru heimar harla‘ ólíkir,
hafa þó báðir satt að geyma.
Annar lífs- er -reynsluríkið,
raun og vera þar á heima.
Saga réttorð ekkert ýkir,
engu mun hún heldur gleyma.
Reikningsglögg hún ristir á spjöldin
rún um það sem starfar öldin.

Hin er veröld hugarburðar,
hún er stórum víðlandari.
Aldrei gengur þar til þurrðar
þó að skáldin lítt það spari
hugvitið, og orða Urðar
er þar skáldið forsöngvari.
En – ævintýrsins undir hjúpi
Alvara býr þar í djúpi.“

Þessar hendingar úr upphafi Rímanna eru lærdómsríkar um skáldið sjálft og ævi þess. Þar lá ekki allt í augum uppi, ferillinn óvenjulegur með ævintýrabrag og maðurinn dulur og fátalaður um eigin hagi.

Þær fjalla um heima tvo og í verkinu er gefin tveggja heima sýn. Að sinni verður ekki orðlengt um Búarímur Andriðssonar sem þó gefa tilefni langs máls, en þeirri tilgátu skal varpað fram til umhugsunar að líta megi á þær í heild sem táknræna dæmisögu sem höfðar til frímúrara, dæmisögu sem þá minnir jafnvel dálítið á efni Töfraflautunnar eftir br. Mozart.

Áhrif frá frímúrarastarfi Gríms

Pólítískan og menningarlegan áhuga Gríms á norrænni samvinnu, sem þá var nefnd Skandinavismi, má m.a. rekja til reynslu hans af Frímúrarareglunni í Danmörku. En það er ekki vandalaust að leita beinna og



ótvíræðra áhrifa frímúrarastarfsins í kvæðum hans.

Mörg kvæði Gríms fjalla um trúarleg efni en flest í þeim má eins rekja til kristinnar trúarsannfæringar hans og almennrar þekkingar á trúarlegum efnunum. Þá fjalla mörg kvæði hans um söguleg efni en flest þeirra mætti og rekja til sagnfræðilegri þekkingar hans og almennrar söguskoðunar menntaðra manna sem mótast höfðu af sögulegri vitneskju upplýsingaraldar. Svipuðu

máli gegnir þegar talið snýst að þeim kvæðum sem láta uppi lífsskoðanir og heimsmynd en Grímur hafði stundað nám í heimspæki.

Auðvelt er að nefna dæmi til vitnis um að lífsskoðun Gríms átti sér trúarlegur forsendur. Hann gat ekki hugsað sér alheiminn eða mannsálina án tilverknaðar almættisins. Mörg dæmi má nefna um þetta, svo sem kvæðin Huggun og Hilling, niðurlag Búarímna, kvæðin Fjóstrú og Skilningur og trú.

Í kvæðinu Hilling eru þessi vers:

„Lífsins eru leiðir strangar,
lítið er hér um frið og ró.
Með Kedrons læk er ljúft að ganga,
í Libanons- er yndi –skóg.
Þangað huga þreyttan langar,
þar er yndi og hugarfró.“

Við Sökkvabekks á sit ég runna
og Sögu skil þá rúnina.
Við Helíkons ég hvíli brunna
og hljóði þar á söngvana.
En allra björtust brosir sunna
á brekkunni við Golgatha.“

Þetta kvæði er bæði að orðfæri, brag og hugmyndum dæmigert um margt sem einkennir kveðskap Gríms Thomsen. Er t.d. mjög eftirtektarvert að hér eru í einni greip arfleifð forngrískrar menningar og forn-norrænnar og einnig kristin niðurstaða af öllu. Að sumu leyti má þetta kvæði því kallast lykill að skáldmáli, stíl, brag og hugmyndum og lífsskoðun skáldsins.

Rétt er að benda á það sérstaklega að það voru hvarvetna frímúrarar sem höfðu forgöngu um að breiða út umburðarlyndi gagnvart mismunandi menningararfleifð og trúarsíðum og þeir lögðu sig sérstaklega fram um að benda á það sem sameinar mismunandi síðu og trúfélög og er þeim sameiginlegt þótt annað beri í millum, og fyrir þetta m.a. sættu frímúrarar víða ofsóknum eða fordómum. Einnig þessi boðskapur frímúrara, sem var auðvitað miklu sérstæðari á tímum Gríms en nú er, birtist í þessu kvæði.

Hetja skal hafa staðist próf

Í kvæðum þeim sem fjalla um einstaka menn kemur greinilega fram að það sem gerir mann að hetju í augum Gríms Thomsen er siðferðileg afstaða í þrautum lífsins, viðbrögð við þeim reynsluprófum sem lífið leggur á manninn. Hetja verður enginn ef



dæma má af kvæðum Gríms nema á hann hafi verið lögð þyngstu próf trúfesti, staðfestu og miskunnsemi – og hann staðist hvað sem það kostar: reiði konunga, óvild samferðarmanna eða hvaðeina.


Um þennan þátt í hetjuhugsjón Gríms mætti nefna ýmis dæmi en nægja munu kvæðin um Daða í Snóksdal og Starkað, kvæðin Tókastúfur og Hemingsflokkur Áslákssonar.

Kvæðið Viðskilnaður Septimiusar keisara Severusar, sem er fyrsti hluti kvæðaflokksins Þrír viðskilnaðir, er mjög athyglisvert frá sjónarmiði frímúrara. Í því koma fram efasemdir þroskans, reynslunnar og viskunnar um allt sem var, allt sem lifað var fyr-

ir og reynt. Og spurningin hinna er borin fram: Hver er ég; hvaðan kem ég; hvert er förinni heitið?

„Í Babýlon er haugur hár og digur úr höggnum björgum reftur silfri fáðu. Þar hvílist Alexander eftir sigur á öllum fjandum, nema skapi bráðu – Í hauginn einn ég fór að fornum síð því forsköp mælt er annars liggi við.

Hvað fann ég? Eina litla skál úr leiri með löggvar dýpt af ösku og forna stafi með stóru lettri stungna á spjald af eiri sem Stagírítinn mælt er skráð að hafi. Hvað skrifað stendur skýri ég engum frá, skilja þeir einir letrið er það sjá.



Ég dyrnar innsiglaði, að enginn frammar inn skuli ganga meðan byggi ég láð því keisurum og kóngum einum saman er kenning ætluð sú sem þar er skráð – Mér hefur gefist allt sem auðnan ljær; allt hef ég verið; hverju er ég nær?“

Það athugist að Stagírítinn er maður frá borginni Stagira í Makedóníu, þ.e. heimspekingurinn Aristóteles, lærimeistari Alexanders mikla.

Loginn lifði í kvæðum Gríms

Kvæðaflokkurinn Stjörnu-Odda draumur nýrri ber reynslu Gríms frá dönsku Frímúrarareglunni greinileg merki. Hann er stórfróðleg heimild um víðsýni skáldsins í trúmálum. Viðurkenning Gríms á trúarbrögðum Austurlandamanna, að ekki sé nú minnst á Hund-Tyrkjann, í þessu verki er einstök og áfangi í íslenskri hugmyndasögu. Að sama bruni ber þá nýjung að í þessu verki eru vísinda- og listamenn leiddir fram til vitnis um dýrð almættisins.

Það er eiginlega óhugsandi að þessi kvæðaflokkur hefði nokkru sinni verið kveðinn með þeim hugmyndum sem hann lýsir ef höfundurinn hefði ekki þekkt störf frímúrarareglunnar eins og hún hafði þroskast fram á daga

Gríms Thomsen. Hugmyndaheimur verksins og trúarleg sjónarmið þess voru á þessum tíma lítt á vitorði annarra en frímúrara. Þetta víðtæka umburðarlyndi eða þessi sýn á sameiginleg verðmæti allra tíma, þjóða og síða var ekki almennt. Heimspekingar og merkismenn fræðslustefnunnar höfðu boðað þessi viðhorf á sínum tíma en sá logi lifði aðallega meðal frímúrara þegar komið var fram á daga Gríms. Það eru einmitt m.a. bein og óbein áhrif frímúrara síðan á dögum Gríms að nú eru þessi viðhorf almennt þekkt og viðurkennd.

Úr öðrum kafla Stjörnu-Odda draums nýrra eru þessi vers:

„Hásæti jafnan Herrans nær heyrir“ ég enn fagra klið,
englanna hljóma hljóðin skær
hnattanna fléttuð nið.
Við þennan undra samansöng
sálnanna græðast þen,
meistarans bera merkisstöng
Mozart, Haydn, Beethoven.
[...]

Fegurð er vakti fyrir þeim
til fulls þótt yrði“ ei sén
óðáins- finna fyrst í –heim
Fídías, Thorvaldsen -,
Fegurð sem hér var fólgin rós
í frjóvum sálum innst
springur þar út í líf og ljós,
líkan og skuggi ei finnst.

Ein er þar kirkja undra há
sem öllum býður rúm
kærleiks að hlýða kenning á
komnum af ýmsum trúm.

Frá hverri tíð og úr hverjum stað
hver sem hann vera kann,
engum er þaðan útskúfað
elski hann sannleikann.

Hvort Búddhas þessi, heiðnum hinn
hallaðist kreddum að,
þriðji kenndist við Kóraninn,
kemur í sama stað.

Hið sanna ef hann aðeins vill
eins er hann velkominn.
Mörg kristins villa manns var ill
en minni vorkunnin.“

Þegar Grímur Thomsen yrkir þessar hendingar er varla um nokkra „undra háa kirkju“ að ræða sem „öllum býður rúm“ aðra en frímúrararegluna en fullyrða má að Grímur hafi haft kynni af reglukerfi Breta og Frakka o.fl. á ferðum sínum og í störfum sín-



um ytra enda þótt hann hafi starfað í sænska reglukerfinu.

Orðin um „meistarans merkisstöng“ fara varla fram hjá frímúrurum og fer vel á því að Grímur nefnir þá br. Mozart, br. Haydn og br. Beethoven til sögunnar en þeir voru einmitt allir frímúrarar.

Kallast á við kantötu

Rétt er að skjóta því inn í að „líkan og skuggi“ eru þættir í heimsmynd dulhyggjumanna og kenndir við Ný-Platónisma. Þá er það mjög fróðlegt að bera þennan kafla saman við texta br. Franz Heinrick Ziegenhagen við eina af frímúrararkantötum W.A. Mozarts: Die ihr des unermesslichen Weltalls – KV 619, þar sem Drottinn er nefndur ýmsum nöfnum og kveðið er gegn fordómum, ofstæki og flokkadráttum í trúarlegum efnun.

Svo margt er líkt með Stjörnu-

Odda draumi nýrra og texta Ziegenhagens að það verður satt að segja að telja sennilegt að Grímur Thomsen hafi þekkt þessa kantötu Mozarts og haft tækifæri til að kynna sér efni textans.

Að lokum er ástæða til að nefna eitthvert allra ótvívæðasta frímúrararkvæði Gríms Thomsen, Andlátsbæn Porkels mána.

Spurningin sem Septimius keisari Severius varpar fram í viðskilnaðarkvæði sínu hlýtur í þessu kvæði fagnandi svar í vissu um góða heimvon.

„Í fögru veðri flestir reyna
ferð að byrja á landi og mari,
til ljóssins er og leiðin beina
að líða burt á sólar ari,
og dauða á stundu dýrmætt er
að drottins auga hlær við mér.“

Listaverk í eigu Frímúrarareglunnar á Íslandi – 2. grein:

Sterk skírskotun til frímúrarafræða í verkum Einars Jónssonar

Á leið reglubræðra í Jóhannesarsalinn vekja athygli þeirra tvær afsteypur af höggmyndum Einars Jónssonar. Þær eru Fæðing Sálar og Sindur. Frímúrarafræður sem hafa kynnt sér verk þessa mikla meistara höggmynda-listarinnar telja við fyrstu sýn þegar verk hans eru skoðuð, yfir allan vafa hafið að Einar Jónsson hafi verið frímúrari vegna þess sterka táknræna ívafs sem verk hans búa yfir og þeirrar samtengingar sem þeir telja sig geta fundið í verkum hans við táknmál og fræði Frímúrarareglunnar. En Einar Jónsson var ekki frímúrari.

Með þeirri sterku skírskotun til frímúrararafræða sem verk hans búa yfir þarf engan að undra að frímúrurum hafi þótt hann standa sér nærri og þegar bókin Einar Jónsson myndhöggvari, sem geymir greinargott æviágrip listamannsins og myndir af flestum verkum hans, var gefin út árið 1982 þá voru það bræður úr röðum Reglunnar sem stóðu að útgáfunni. Þessir bræður voru séra Jón Auðuns, dómprófastur og St.Km. Reglunnar frá árinu 1963 til ársins 1981, sem ritaði æviágrip Einars Jónssonar í bókina og sá um val á myndum af þeim verkum Einars sem bókin geymir og bróðir Oliver Steinn Jóhannesson, sem var St.Sm. Reglunnar frá árinu 1975 til ársins 1983, sem sá um útgáfu verksins.



„Hjá mér vaknaði vonarneisti...“

Segja má að Frímúrarareglan og margir frímúrarabræður „af gamla skólanum“ hafi fengið sérstakt dálæti á Einari Jónssyni og listaverkum hans með skírskotun til þeirra hughrifa sem mörg verka Einars vekja séu þau skoðuð með huglægri tengingu við hugsjónir og starf Frímúrarareglunnar.

Ef til vill er skýringuna á þessari tilfinningu að finna í bók Einars, Skoðanir, þar sem hann lýsir einhvers konar tilvistarkreppu sem hann þá var í og lýsir þannig: „Um langan tíma og mörg ár hafði ég lifað í efasemdum og ýmissi óvissu. Eg átti oft í stríði við sjálfan mig. Það var þögul og þegjandi barátta, er ég varð einn að heyja. Listin og lífið virtist mér oft á tíðum erfitt ar.“

og þungbært. „Ég var fjötraður, gat ekki hafð mig til flugs. Ytri og innri ástæður bentu mér á tilgangsleysið í öllu.“

Á þessum tíma leitar hann m.a. í rit eftir heimspekinginn og guðfræðinginn Emanuel Swedenborg. Einar hreifst af honum og varð snortinn af sannfæringarkrafti hans og eftir þau kynni segir Einar: „Hjá mér vaknaði vonarneisti um það, að ég væri kominn á slóð þess, sem ég hafði glatað og svo lengi leitað og innilega þráð að finna: Samband við eitthvað mér óumræðilega kært og elskulegt, mér kærara en allt annað, er ég hafði þekkt og vissi af hófst að nýju.“

Emanuel Swedenborg, 1688-1772, var sænskur vísindamaður, heimspekingur og guðfræðingur, sem setti m.a. fram kenningar um guðfræðileg efni sem hafa haft áhrif á marga andans menn fram á þennan dag. Á átjándu öldinni, þegar Sænska Frímúrarakerfið varð til, var í Svíþjóð og víðar mikill áhugi fyrir dulspekilegum mál-efnum. Vitað er að heimspekikenningar Swedenborgs höfðu áhrif á Carl Hertoga af Sodermandland, sem síðar varð Carl konungur XIII, og ásamt fleirum fullkomnaði hið sænska frímúrarakerfi.



Sístreymandi lind

Í bókinni Einar Jónsson Myndir, sem gefin var út 1925 ritar Guðmundur Finnbogason, sem var vinur myndhöggvarans allt frá Kaupmannahafnarárunum, eftirfarandi um lágmyndina Fæðing Sálar: „Skáldið vill tákna, að sálin fær jarðneskan líkama sinn við samstarf Jarðar, Elds, Lofts og Vatns – hinna fornhelgu höfuðskepna. Jarðarandinn meitlar líkamann úr sínu efni, andi eldsins, hlýjunnar, kærleikans tekur hann í faðm sér, andi loftsins kemur eins og svalandi blær að ofan, en andi vatnsins seilist úr djúpinu eins og hressandi hafalda að strönd.“

Hver þessara fjögurra frumþátta tilverunnar er markaður á flötinn með sínum línun: hin drúpanði jörð með stuðlabergsrúnunum, eldurinn með logans línun, vatnið með öldubugum, loftið með skýjadrögum og vafurlínun vindanna. En þessar fimm myndir eru felldar hver í sinn reit inn í Þórshamarsmerkið, hakakrossinn, sem talið er fornhelgast allra tákna og víðkunnast, og meðal annars hefur verið táknað frjósemi og fæðingar. En það sem einkum vakti fyrir skáldinu var líking þess við mynd stjörnuþoku, er gerir það eðlilegt tákna hennar og gefur í skyn, að sömu lög ráða um fæðingu sólkerfanna og mannanna barna. Svo sem fornskáldin felldu vísuorð milli stefja, svo hefir myndskáldið hér fellt meginþætti tilverunnar inn í Þórshamarsmerkið.“

Síðar í sömu umfjöllun segir Guðmundur Finnbogason: „En skilningur á aðalhugsun listaverks er aðeins einn þáttur skilnings á verkinu í heild sinn. Enginn skilur listaverk nema sá er gerir sér það svo innlíft, að það tali sjálft því máli, er ekki verður þýtt á tungumál, heldur aðeins skynjað, fundið, grunað. Til þess eru myndir, að segja það, sem ekki verður með orðum lýst, hið sérstæða og sjálfstaka, bera oss blæ andans, sem ekki verður höndlaður, og þó er oss nær en það sem þreifað verður á. Það er einkenni góðs listaverks, að það er sem sístr-eymandi lind, er aldrei verður að öllu tæmd í mæliker orðanna.“

Ólafur G. Sigurðsson

Heimild:

Júlíus Egilson fv.St.Sm. Erindi flutt í St. Jóh.st. Glitni 25. febrúar 2004.

Einar Jónsson: Fyrsti íslenski myndhöggvarinn

Einar Jónsson, fyrsti íslenski myndhöggvarinn, var fæddur að Galtarfelli í Árnassýslu þann 11. maí árið 1874. Árið 1893 hélt Einar til listnáms í Kaupmannahöfn og útskrifaðist frá Konunglega Listaháskólanum árið 1899. Einar sýndi fyrst opinberlega verkið Útlagar á Vorsýningunni í Kaupmannahöfn og lagði þar grunninn að íslenskri höggmyndalist. Eiginkona Einars var Anna Jörgensen, fædd í Danmörku. Einar lést í Reykjavík 18. október 1954.

Árið 1909 bauð Einar föðurlandi sínu öll verk sín að gjöf með því skilyrði, að yfir þau yrði reist sémilegt hús. Alþingi samþykkti árið 1914 að veita gjöfinni viðtöku og lagði fram 10.000 krónur til verksins og í landssöfnun söfnuð-

ust 20.000 krónur. Einar fluttist heim til Íslands eftir tuttugu ára dvöl erlendis. Árið 1923 var safnið, fyrsta listasafn á Íslandi, opnað almenningi og nefnt Hnitbjörg.

Einar gaf út æviminningar sínar í tveim bókum, sem hann nefndi Minningar og Skoðanir. Í bókinni Skoðunum lýsir hann m.a. viðhorfum sínum til listarinnar og trúarinnar. Eftir dvöl í Róm 1902-1903 hafnaði hann algerlega natúralískri myndgerð og gagnrýndi opinberlega klassísku listina, sem hann taldi að staðið hefði listamönnum fyrir þrifum. Hann lagði áherslu á að listamanninum bæri að ryðja sínar eigin brautir, þroska frumleika sinn og hugmyndaflug en feta ekki í fótspor annarra.

Stólmeistarabikar

Sérhver stúka á bikar sem Stm. notar við bróður-máltíð. Séð frá fræðum 1. stigs þá er takmarkað hvað hægt er að segja um bróðurbikarinn en í honum er augljós vísan í einingu bræðralagsins sem við erum kallaðir til og kraft kærleikans sem bræðralagið vekur meðal okkar.

Rene d'Anjou segist hafa heyrt og standi í drykkjarskál, sem hafi verið notuð í brúðkaupsveislunni í Kana: „Sá er drekkur rétt, mun Guð sjá. Sá er tæmir skálina í einum teig, mun Guð sjá og Maríu Magdalenu“.

Á Akureyri eru til þrjár bikarar sem hér má sjá.



Fyrst að nefna er St. Jóhannesarstúkan Rún: Bróðurbikar hennar er silfurbikar, smíðaður í Danmörku 1932 og var gjöf frá St. Jóhannesarstúkunni Eddu í Reykjavík, gefinn sama ár.

Ljósmyndir: Páll A. Pálsson, Akureyri



St. Andrésarstúkan Huld: Bróðurbikar sá sem nú er í notkun er eign Stm. Huldar, br. Úlfars Haukssonar, en þegar hann tók við embætti árið 2007 var honum færður þessi bikar persónulega af ónefndum bróður til eignar. Þessi bikar var smíðaður hjá WMF í Þýskalandi árið 1894.



Stúartstúkan á Akureyri: Bróðurbikarinn stendur á litlum bakka og er með loki, en þar ofan á er Möltukrossinn. Lok þetta var sett á seinna og mun br. Pétur Breiðfjörð hafa smíðað það. Bikarinn var gefinn af br. Ágústi Ólafssyni, fv. Stm. St. Andrésarstúkunnar Huldar.



Frá Minjasafni Reglunnar

Einar Thorlacius

minjavörður





Ritstjórn Frímúrarans

Ritstjórn Frímúrarans að störfum ásamt YAR. F.v. Páll Júlíusson, Rúnar Hreinsson frá Myndasafni Reglunnar, Ólafur G. Sigurðsson, Guðbrandur Magnússon, Pétur K. Esrason, Steingrímur S. Ólafsson, Þór Jónsson og Pétur S. Jónsson.
Ljósmynd: Jón Svavarsson

Häcker
kitchen.germanMade.



viborga@centrum.is

Eldhúsinnréttingar sem fá hjartað til að slá hraðar


Häckereldhúsinnréttingar eru fagaðar og fyrsta flokks, stílhreinn glæsileiki er alls ráðandi. Hannaðar af alúð og framleiddar af þýskri nákvæmni. CE gæðavottun samkvæmt ES staðli, ISO 9001.

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Nýr minja- vörður Reglunnar




Á Sth.17. mars sl. var tilkynnt um nýjan minjavörð Reglunnar, br. Einar Thorlacius.

Einar er fæddur í Reykjavík þann 18. mars 1952. Hann gekk í St. Jóh.st. Glitni árið 1977 og fluttist til Rúnar árið 1988.

Einar gegndi embættum v.Sm. í Glitni á árunum 1980–1984, hann var 1. v.Sm. Huldar, 2. v.Y.stv. 1990–1996, Y.stv. 1996–2001 auk þess sem hann var 3. v.STM. 2001–2003, 2. v.STM. 2003–2007 og 1. v.STM. frá 2007.

Br. Einar fékk heiðursmerki Rúnar árið 2005.

Nýr bóka- vörður Reglunnar



Á Sth. 17. mars sl. var tilkynnt um að br. Trausti Laufdal Jónsson yrði nýr bóka- vörður Reglunnar.

Hann fæddist í Vestmannaeyjum 1947. Trausti gekk í St. Jóh.st. Eddu árið 1995.

Hann gegndi embættum v.Fh. 1998–2003, var 3. v.Rm. 2003–2004, 2. v.Rm. 2004–2006 og 1. v.Rm. 2006–2007. Trausti varð Fh. 2007.

<p>www.rafeyri.is</p>	<p>www.taeting.is</p>	<p>www.papco.is</p>
<p>preben@thvottur.is</p>	<p>www.dregg.is</p>	<p>www.norlandair.is</p>
<p>www.vn.is</p>	<p>Sími 461 2911 - www.utras.is</p>	<p>www.tengir.is</p>
<p>www.ozone.is</p>	<p>www.kjarnafoedi.is</p>	<p>www.bananar.is</p>
<p>www.ekran.is</p>	<p>www.holdur.is</p>	



BOSS BOTTLED. NIGHT. THE NEW FRAGRANCE FOR MEN
FEATURING RYAN REYNOLDS

BOSS
HUGO BOSS



Guðmundur K. G. Kolka

Nýr stólmeistari Gimli

Þann 21. febrúar fór fram kjör stólmeistara í St. Jóh.st. Gimli í Reykjavík. Kjörinn var br. Guðmundur K. G. Kolka og þann 7. mars setti SMR Valur Valsson hann í embættið.

Guðmundur K. G. Kolka er fæddur í Reykjavík þann 3. desember 1957. Hann er sonur Unnar Fenger og Guðmundar P. Kolka en fösturfaðir hans var Ingólfur Viktorsson.

Guðmundur lauk stúdentsprófi frá MR árið 1977, þá B.Sc. í stærðfræði frá Háskóla Íslands, M.Sc. í verkfræði frá Warwick háskólanum í Englandi og PhD í stærðfræði frá Salford-háskóla í Englandi. Hann starfar nú hjá Skýrr hf.

Guðmundur gekk í Gimli árið 1996 og hefur sinnt margvíslegum embættum innan stúkunnar, verið vara og aðal E.Stv., ræðumeistari og varameistari, auk þess að sinna formennsku Bræðranefndar Gimli frá árinu 2006 til dagsins í dag.

Guðmundur er kvæntur Kristínu Höllu Sigurðardóttur og eiga þau eina dóttur, tengdason og tvö barnabörn.



Albert L. R. Albertsson

Nýr stólmeistari Sindra

Nýverið fór fram kjör stólmeistara í St. Jóh.st. Sindra í Njarðvík. Br. Albert L. R. Albertsson var kjörinn og setti SMR Valur Valsson hann í embætti þann 15. febrúar síðastliðinn.

Albert L. R. Albertsson fæddist í Reykjavík 30. desember 1948 og eru foreldrar hans Sigríður Jakobsdóttir og Albert Louis Robinson.

Að loknu mastersnámi í véla- og kjarnorkuverkfræði í Kungliga Tekniska Högskolan í Stokkhólmi hóf Albert störf hjá Hitaveitu Suðurnesja árið 1977. Hann starfar nú sem aðstoðarforstjóri HS Orku hf, sem varð til við lögboðna uppskiptingu Hitaveitu Suðurnesja í tvö fyrirtæki.

Albert gekk í Mími árið 1981 og hefur gegnt embætti fyrsta, annars og þriðja varameistara Sindra.

Albert er kvæntur Rannveigu Víglundsdóttur og eiga þau þrjú börn og tvö barnabörn.



Guðmundur Andrésson

Nýr stjórnandi bróðir Fræðslustúkunnar Borgar

Nýr stjórnandi bróðir St. Jóh. Fræðslustúkunnar Borgar í Stykkishólmi, br. Guðmundur Andrésson, var kjörinn 4. febrúar 2011 og settur inn í embætti af Stm. St. Jóh.st. Akurs, br. Karli Alfreðssyni.

Guðmundur Andrésson er fæddur í Miðneshreppi 21. október 1946, sonur hjónanna Andrésar Guðmundssonar og Guðrúnar Guðmundsdóttur, en þau fluttu til Fáskrúðsfjarðar 1947. Guðmundur lauk prófi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík árið 1968, var skrifstofumaður hjá Skeljungu nokkur ár og skrifstofustjóri hjá Stykkishólmsbæ og frá 1981 innheimtustjóri og launafulltrúi.

Guðmundur hefur starfað nokkuð að félagsmálum, verið formaður Starfsmannafélags Dala- og Snæfellsness og í stjórn og nefndum hjá Rótaryklúbbi Stykkishólms og JC Stykkishólmi.

Guðmundur gekk í St. Jóh.st. Akur 1991 og hefur gegnt embættum féhirðis og ræðumanns í Fræðslustúkunninni Borg og verið V.stj.br. undanfarin tvö ár.

Eiginkona Guðmundar er Kolbrún Hulda Jónsdóttir og eiga þau eitt barn og tvö barnabörn.

ILMEFNI ERU EKKI GÓÐ FYRIR HÚÐINA – OG ÞAÐ VEISTU VEL!



ILMEFNI AUKA HÆTTUNA Á OFNÆMI

Ofnæmisprófuðu vörurnar frá Neutral auðvelda þér að segja nei við ilmeftum og öðrum ónauðsynlegum viðbótareftum – án þess að slá nokkuð af kröfum þínum um þau gæði, vellíðan og virkni sem þú átt að venjast. Ilmefti auka hættuna á ofnæmi. Og ofnæmi losnar þú aldrei við. Allar Neutral vörur eru viðurkenndar af astma- og ofnæmissamtökum og meirihluti þeirra er þar að auki Svansmerktur. Gerðu því vel við húð þína og kauptu Neutral næst. Búðu til þitt eigið ilmeftnalusa svæði.

Neutral[®]
verndar viðkvæma húð

SÉRFRÆÐINGAR Í

SAGE



SIMMS



Veiðihornið
er Simmsbúðin

SIMMS VÖDLUPAKKI

Hágæða, léttar
öndunarvöðlur og
sterkir skór.
Láttu þér líða
vel!

Aðeins
49.900,-



Veiðihornið
er Sagebúðin

Nýja VXP stöngin
sem allir eru að
tala um og allar
hinar vinsælu
Sage flugustan-
girnar.
Sage Vantage
aðeins frá
44.900,-



VEIÐIHORNIÐ

Metnaður okkar er að þjónusta viðskiptavini af þekkingu og reynslu og tryggja þeim ánægjulega og árangursríka veiðiferð.

MUNIÐ VINSÆLU GJAFABRÉFIN OKKAR